

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
Ísafjörður 400
Ísland

24. ágúst 2026, Reykjavík
UOS-3412

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16. júní 2026 hjá Háafell ehf.

Þann 16. júní 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Háafell ehf., Nauteyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

2 ný frávik komu fram er varða:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr 5.1 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 16. júní 2026 Vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir, skal vera í gildi . <i>Vöktunaráætlun (2018-2025) fyrir starfsstöðina er fallin úr gildi og þarf að endurnýja. Rekstraraðili skal leggja fram nýja vöktunaráætlun til samþykktar hjá Umhverfis- og orkustofnun.</i> <i>Rekstraraðili lagði fram nýja vöktunaráætlun þann 6. ágúst 2026, en sú áætlun telst ófullnægjandi. Frávikið helst opið þangað til að fullnægjandi vöktunaráætlun berst og er samþykkt af Umhverfis- og orkustofnun.</i>	Opið
gr. 41 og 42 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Frávikið var skráð: 16. júní 2026 Ofanjarðarolíugeymar skulu staðsettir utan akstursleiða. Ef því er ekki við komið skulu þeir búnir árekstrarvörnum. <i>Tveir olíugeymar á lóðinni (neyslugeymir og húsgeymir) eru ekki búnir árekstrarvörnum.</i>	Lokað

	<i>Í kjölfar eftirlits brást rekstraraðili við og kom fyrir árekstrarvörnum við geymana.</i>	
--	--	--

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en **14. september 2026**.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits